




SKN-17	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 2020		
Höfundur: MLF		
Samþykkt: GEA		
Síða 1 af 3		
Fundargerð Skólanefndar # 17		
21. apríl 2020		

Mættir:	Guðríður Eldey Arnardóttir skólameistari, Flosi Eiríksson formaður skólanefndar, Magnea Lillý Friðgeirsdóttir, María Guðjónsdóttir, Guðmundur Birkir Þorkelsson, Sigrún Júlía Ólafsdóttir fulltrúi nemenda, Gerður Bjarnadóttir fulltrúi nemenda, Elísabet H. Guðmundsdóttir fjármálastjóri.
Forfallaðir:	Guðný Ólafsdóttir fulltrúi foreldra, Steinþór Jónsson.
Staður:	Teams fjarfundur
Tími:	Kl. 12:00-13:00 Dags.: 21. apríl 2020

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
1.	<p>Staðan Flosi formaður skólanefndar setur fundinn kl. 12:00.</p> <p>Guðríður fer yfir það hvernig skólastarfið hefur gengið á tímum Covid veirunnar og samkomubanns.</p> <p>Þetta hefur gengið ótrúlega vel. Kennararnir eru að nýta sér ýmist Teams, Zoom eða kennslutækin inni á þeirra innri vef. Þau hafa miklar áhyggjur af nemendum í brottfallshættu og kennarar og námsráðgjafar hafa verið að hringja í þá nemendur, heyra í þeim hljóðið og stappa í þá stálinu. Önnin verður kláruð í fjarnámi og það á eftir að koma í ljós hvernig brottfallið verður. Kennarahópurinn tók þetta verkefni af miklu æðruleysi og jákvæðni. Allir búnir að taka miklum framförum í tæknimálum.</p> <p>Þetta lítur vel út varðandi bóknámið. Verknámið hefur verið flóknara. En af því að þau var farið að gruna að það kæmi til þess að skólanum yrði lokað þá voru verknámskennarar farnir að undirbúa sig. Það var gefið í með verknámið og bóklega námið var sett á bið og því eru flestir nemendur búnir með mest af sínu verknámi.</p> <p>Þeir krakkar sem eru að fara í sveinspróf fá 3 vikur af verknáms æfingum til að undirbúa þau fyrir sveinsprófið. 1. vikan í júní verða sveinsprófin.</p> <p>Formaður nemenda: það er misjafnt hvernig mönnum finnst að vera heima. Sumir sem skilja ekki hvernig þetta virkar og aðrir</p>	<p>FE</p> <p>GEA</p>	<p>30 sek.</p> <p>20 mín.</p>

SKN-17	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 2020		
Höfundur: MLF		
Samþykkt: GEA		
Síða 2 af 3		
Fundargerð Skólanefndar # 17		
21. apríl 2020		

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	sem finnst lítið að gera hjá sér. Gerður: Búin að læra alveg rosalega mikið tæknilegt og alltaf að skipuleggja til að reyna að láta þau gera eitthvað. En þeir sem eru búnir að vera duglegir þeir eru áfram duglegir en þeir sem voru slappir renna í burtu og þó þau reyna að skrifa á við þá þá hefur það mikil áhrif. Stressandi tími þar sem þau eru alltaf í tölvunni. Sumir ráða alls ekki við að taka próf á netinu en aðrir blómstra sem fá græjurnar.		
2.	Horfurnar	GEA	10 mín.
	<p>Guðríður hefur ekki áhyggjur af skólalokum þetta árið og telur að hægt verði að klára skólaárið hjá bæði bóknaðs og verknámskrökkum. Það sem vekur áhyggjur er lægðin í þessum geira sem gerir það að verkum að krakkar eru ekki að fá samning. Til að bregðast við þessum breytingum er stefnt að því að taka inn nemendur á fyrsta ár í verknám án þess að þau séu búin að vera á samningi. Mikil vinna hefur farið fram bæði innan skólans og í samráði við menntamálaráðuneytið við að hugsa öll þau vandamál sem geta komið upp og leysa þau. Þá vill skólinn einnig geta tekið við fólki í haust sem missir vinnuna og vill setjast á skólabeck og ná sér í réttindi.</p> <p>Guðríður sótti um undanþágu fyrir starfsbrautina og hún hefur verið starfandi allan tímann sem skólinn hefur verið lokaður en þeim var skipt í tvo hópa og því er hálf kennsla inni á starfsbraut.</p> <p>Varðandi útskriftina þá var henni frestað til 29. maí í þeirri von að mögulega væri búin að slaka eitthvað meira á samkomubanninu þá. Það er fræðilegur möguleiki á að það verði hægt að útskrifa t.d. ef fjöldatakmörkanir verða komnar upp í 100.</p> <p>Plan A verður að athöfnin verði í Digraneskirkju og verði algjörlega rafræn og verði send út beint á netinu. Mikilvægir aðilar verði á svæðinu eins og formaður skólanefndar, sá nemandi sem fer með ávarp og heiðursnemendur.</p> <p>Plan B ef meira rými þá verður skipt þeim í 2 hópa og þá mæta nemendur án aðstandenda og athöfnin verður endurtekin. Hugmynd um að útbúa bílabíó þar sem athöfnin verður send út í bílabíói þannig að nemendur geti verið með sínum aðstandendum. Þessi leið er í skoðun.</p>		

SKN-17	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 2020		
Höfundur: MLF		
Samþykkt: GEA		
Síða 3 af 3		
Fundargerð Skólanefndar # 17		
21. apríl 2020		

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
3.	Fjárhagsstaðan	GEA	11 mín.
	<p>Elísabet fer yfir fjárhagsstöðu skólans. Erum að enda með tap uppá 18,5 milljón sem er varnarsigur því í okt/nóv sáum við fram á að vera í sirka 40 milljón króna tapi. Rekstraráætlunin gerði ráð fyrir hagnaði uppá 9,6 m þannig að sveiflan er uppá 28 millj. Hvað gefur þessa niðurstöðu? Allir liðir hreyfðust mikið og þá sérstaklega launin. Á móti hækkuðu tekjur, bæði sértekjur og rekstrartekjur og líka framlag ríkissjóðs. Fengum uppgjör fyrir sérdeildina fyrir 2018 sem var óvænt en ánægjulegt. Fengjum fyrir námsorlofunum o.fl. Þannig að þetta fór á betri veg en leit út fyrir. Rekstraráætlunin fyrir þetta rekstrarár gengur út á 40 milljónir í tapi.</p> <p>Fjárfesting: Fjárheimildin fyrir 2019 nam 41,4 milljónum en þetta er heimild sem rúllar á milli ára. Heimildin frá 2018 uppá 5,6 milljónir var það sem við vorum búin að eyða umfram vegna eldhúsanna. Við vorum því með heimild til að fjárfesta á árinu 35 milljónir en fjárfestum fyrir 24 milljónir. Við tókum því 11,6 m með okkur inn á þetta ár.</p> <p>Árið 2020: Erum í hagnaði eftir fyrstu tvo mánuði ársins. Þó vantar einhverjar færslur inn s.s. afturvirkar launahækkanir kennara o.s.frv.</p> <p>Guðríður sýnir drög að ársskýrslu ársins 2019. Verið er að útbúa rekstrarreikning niðri í Fjárýslu.</p> <p>Þurfum að skoða hvernig við ætlum að búa um skólagjöldin í haust.</p>		
4.	Önnur mál	FE	1 mín.
	Engin önnur mál voru á dagskrà.		
5.	Fundi slitið: Formaður sleit fundi kl.12:42.		

Fundarritari: Magnea L. Friðgeirsdóttir